

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. nóvember 2013
Tilvísun: UST20131000120/ksj

Lýsing. Tillaga að breyttu aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008 – 2020 í landi Torfastaða (Arnarnes).

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. er barst 15. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna tillögu að breyttu aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008 – 2020. Ofangreind tillaga að breyttu aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps nær til svæðis í landi Torfastaða sem kallað er Arnarnes og skv. tillögunni er ætlunin að breyta landbúnaðarlandi í svæði fyrir verslun og þjónustu.

Staðsetning

Í lýsingu kemur fram að Arnarnes sem breytingartillagan nær til liggur milli Grafningsvegar og Álftavatns er 20 ha að stærð og er mói og mýri. Í breytingartillögu er gert ráð fyrir að á svæðinu rísi 700 fermetra þjónustuhús, tvö raðhús með samtals 30 hótélherbergjum og 15 – 20 smáhýsum til útleigu.

Náttúruminjar

Eins og fram kemur í greinargerð er svæðið sem ofangreind tillaga að breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008 – 2020 nær til á náttúruminjasrá. **Alviðra og Sog, Ölfushreppi, Grafningshreppi, Grímsneshreppi, Árnassýslu.** (1) Sog, með 200 metra spildu beggja vegna, frá ármótum Hvítár upp að Írafossvirkjun (Ýrufossvirkjun), ásamt Álftavatni öllu með eyjum, svo og mýrlendi vestan vatnsins. Þrastaskógur og allt land Alviðrustofnunar ásamt Öndverðarnesi I. (2) Fjölbreyttur gróður og fuglalíf. Kjöríð útivistarsvæði. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að meta áhrif áætlana um framkvæmdir á fuglalíf á svæðinu og útivistargildi þess.

Ofangreint áætlað framkvæmdasvæði er votlent, en skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 njóta mýrar og flóar 3 ha að stærð eða stærri sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er.

Í tillögu Umhverfisstofnunar að náttúruverndaráætlun 2004-2008 er jafnframt lagt til að svæðið verði verndað sem búsvæði. Benda má á að við Álftavatn má finna hagabrúðu, sem er á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Á valistaunum er hún sett í flokk plantna þar sem upplýsingar um útbreiðslu og stofnstærð eru ekki nægilegar til að meta hvort hún er í

útrýmingarhættu. Því er brýnt að varlega sé farið í framkvæmdir sem haft gætu áhrif á tilvist hennar á svæðinu.

Kostir

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur fram að í umhverfismati við gerð aðalskipulags skuli m.a. koma fram: „lýsing og samanburður á kostum sem til greina koma um þróun byggðar, staðsetningu og útfærslu hennar og einstakra framkvæmda, m.t.t. áhrifa á umhverfið, svo sem með tilliti til sérkenna einstakra svæða og/eða verndargildis.“ Þar sem um svæði á náttúruminjaskrá og votlendi er að ræða á áætluðu framkvæmdasvæði telur Umhverfisstofnun mikilvægt að fram komi samanburður á mismunandi kostum, s.s. mismunandi mikilli uppbyggingu, mismunandi staðsetningu áætlaðra framkvæmda innan tillögusvæðisins o.s.frv.

Sjónræn áhrif

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi í breytingartillögu á aðalskipulagi mat á sjónrænum áhrifum áætlaðrar uppbyggingar fyrir ferðapjónustu. Svæðið sem áætlað er að taka til framkvæmda er flatlent svæði og mun uppbygging blasa við og sjónræn áhrif geta orðið mikil.


Fráveita


Svæðið sem uppbygging er áætluð á er viðkvæmt náttúruminjasvæði við Álftavatn. Þar af leiðandi er mikilvægt að í tillögu að aðalskipulagsbreytingu komi skýrt fram allar áætlanir um fráveitu og mat á áhrifum fráveitunnar.

Niðurstaða

Ofangreind lýsing felur í sér áætlaðar framkvæmdir fyrir ferðapjónustu sem munu taka yfir á annað þúsund fermetra. Áætlað framkvæmdasvæði er svæði á náttúruminjaskrá staðsett vestan við Álftavatn. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að í breytingartillögu komi fram mat á umhverfisáhrifum tillögunnar s.s. mat á áhrifum á votlendi er njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999, sjónræn áhrif, áhrif á fuglalíf og útivist sem og áhrif frá fráveitu og hvernig leysa á fráveitu. Einnig er mikilvægt að mati stofnunarinnar að fram komi aðrir kostir um uppbyggingu til að hafa samanburð. Einnig er mikilvægt að fram komi hvernig tekið er tillit til umhverfissjónarmiða og hvernig tryggt er að tillagan í heild, einstök markmið hennar og framfylgd valdi sem minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum. Einnig er mikilvægt að mati stofnunarinnar að fram komi áætlanir um mótvægisáðgerðir s.s um endurheimt votlendis.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun